

Skólahátíð Menntaskólans á Akureyri 17. júní 2013 kl 10:00 í Íþróttahöllinni.



Ræða skólameistara

Verðandi stúdentar, ágætu hátíðargestir. Velcomin að skólahátíð Menntaskólans á Akureyri. Ég þakka Bjarna Karlssyni konsertmeistara fyrir hljóðfæraleik á meðan gestir komu í salinn. Hann lék á nýtt rafmagnspíanó sem núverandi 50 ára stúdentar MA gefa skólanum. Það er hefð fyrir því að nemendur hefji skólahátíðina með tónlistarflutningi. Nú leikur sveit Sigurdísar Söndru Tryggvadóttur eitt lag. Með henni í sveit eru Emil Þorri Emilsson (Trommur) Tómas Leó Halldórsson (Bassi) Dimtris Theodoropoulos (gítar) og Sigurdís Sandra á saxófón. Ég þakka þeim fyrir.

Menntaskólinn á Akureyri er ein af elstu menntastofnunum landsins. Hann er í senn gamalgróin stofnun og framsækinn nútímaskóli í stöðugri þróun, sem býr nemendur undir háskólanám og lífið. Ný menntastefna var sett með skólalögum 2008. MA er í fremstu röð við innleiðingu framhaldsskólalaga því þau eru í fullum samhljómi við skólasýn okkar.

Starfsfólk skólans hefur undanfarin misseri skrifað námskrá fyrir MA. Námskráin er lýsing á því verki sem skólunum er ætlað að vinna, það er mikil framsýni í MMR að treysta starfsfólki skólanna að skrifa námskrá, þá erum við ábyrg og gerendur í starfi okkar. Í námskrá MA höfum við mælt svo fyrir að hún skuli vera lifandi og endurskoðuð reglulega. Við höfum það markmið

að vera á varðbergi gagnvart því að lokast inn í ákveðnu vinnulagi, að hafa ekki múra milli greina og sviða, minna okkur á að tæknin er fundin upp af fólki en ekki það af tækninni.

Skólaganga snýst um menntun og þroska og þeirri göngu þarf að sýna virðingu og muna eftir þeim sem hafa annað markmið en að fara á milli tveggja staða á sem skemmstum tíma. Til þess að ná góðum árangri þarf æfingu en hún þarf að vera merkingarbær og vekja áhuga. Menntun þarf sinn tíma og atriði eins og hæfni, æfing í lýðræði, siðfræði og gagnrýnin hugsun þarf einstaklingsbundinn tíma. Námskrá MA styður þessa nálgun. Við höfum blöndu af bekkja- og áfangakerfi og getum nýtt kosti hvor tveggja, við ráðum yfir upplýsingatækni og getum beitt aðferðum dreifnáms, við höfum öflugt starfslið. Við í MA lítum á það sem eitt af hlutverkum okkar að gera nám nemenda í háskóla markvisst með því að undirbúa þá vel fyrir það nám og vinnulag sem þar er. Við setjum okkur það markmið að mennta nemendur sem sjálfstæða borgara með sterka siðferðismynd.

Mikilvægt er að skólinn geri nemendum sínum ljóst að brautskráning er ekki námslok heldur áningastaður á meðan hugsaðar eru næstu leiðir og rök fyrir að velja þær. Ungt fólk er í skóla mikilvægan tíma lífsins það er mikil ábyrgð að vinna með ungu fólki, vinna með segi ég því að í MA viljum við líta á nemendur sem samverkafólk. Við sem í skólanum störfum þroskumst og lærum af samstarfinu ekki síður en nemendur. Við höfum til dæmis verið að læra það hvernig mikið sjónskertir nemendur læra efnafræði og eðlisfræði, við lærum að augljóst er ekki alltaf viðeigandi og við lærum að meta þegar sagt er sjáumst.

Laun kennara

Menntun er mikilvæg, svo mikilvæg að hún þykir sjálfsögð. Skilningur á mikilvægi menntunar hafi aukist í samfélaginu því um 99% árgangs fer í framhaldsskóla. All nokkrir verðandi stúdentar eru efni í mjög góða kennara þeir þurfa að fá þau skilaboð að kennarastarfið er mikils metið. Það þarf að hækka grunnlaun framhaldsskólakennara og samkomulag þarf að nást um nýja vinnutímaskilgreiningu þeirra. Starf í skólum á að vera vel launað því það eru gerðar miklar kröfur til starfsfólks skólanna. Í stað þess að agnúast yfir þessu hefði ég viljað geta sagt takk fyrir skilning á mikilvægi kennarastarfsins. Það er vert að vekja athygli á því að það hefur um langa hríð verið stöðugleiki í skólasamfélaginu? Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir fyrrum menntamálaráðherra hafði framsýni til að ná sátt um metnaðarfulla menntastefnu í skólalögunum frá 2008, Katrín Jakobsdóttir fyrrum menntamálaráðherra hafði kjark til að fylgja henni eftir og ég trúí því að Illugi Gunnarsson núverandi menntamálaráðherra hafi djörfung til að ná samningum við kennara næsta vetur í anda framhaldsskólalaganna. Það má ekki vanmeta þann stöðugleika sem verið hefur í skólunum, hvaða ráðuneyti annað en MMR heldur áfram stefnu fyrri ríkisstjórna? Til að áréttu mikilvægi stöðugleika í skólum þá lentu nýnemar 1994 tvisvar í verkföllum með þeim afleiðingum að meira en helmingur þeirra hætti eða frestaði námi, þetta eru 15 ára jubílantar í ár.

Fjármál og rekstur

Menntaskólinn hefur sýnt aðhald í rekstri starfsfólk skólans hefur ekki setið hjá í þeim aðhaldsaðgerðum sem stjórnvöld hafa lagt til og fyrir það vil ég þakka mínu fólki. Það er umhugsunarvert þegar bekkjaskólar eins og MA sem eru ódýrustu einingarnar í öllu skólakerfinu, voru allir reknir með halla 2012 og væntanlega enn meiri 2013. Mikið vildi ég óska að ég væri að þakka fyrir skilning á því hversu vel við hefðum staðið okkur. Stöðug krafa til sparnaðar, að hafa alla námshópa 25 til 30 nemendur er áhyggjuefni og ætlast til þess af starfsfólki MA að það auki

gæði menntunar og dragi úr brotthvarfi við þessar aðstæður. Það er ljóst að nýr menntamálaráðherra þarf að fá mun meiri stuðning frá samfélaginu til að fjármagna rekstur framhaldsskólanna. Hann hefur lýst yfir skilningi á erfiðri stöðu framhaldsskólanna og því erum við samherjar í því að berjast fyrir auknu fé til þeirra, þetta er spurning um forgangsöröðun. Háleitar hugmyndir um framsækinn iðnað, ferðaþjónustu og skapandi störf krefjast góðrar grunnmenntunar í framhaldsskóla og til þess þarf fjárveitingar. Þegar við tökum nemendur inn í skólann heitum við þeim góðri menntun og einnig því að á þeim tíma sem þeir eru í skólanum verði þeir einhverju nær um hvað þeir ætli að gera í framhaldinu. Þeir hafi fræðst, þroskast og menntast og búi að því alla tíð. Verðandi stúdentar vita ekki hvers konar vinnumarkaður tekur við þeim þegar þeir ljúka sínu námi í háskóla. Ég veit það ekki en veit þó að þeir treysta á, eins og þið jubilantar gerðuð, að sú menntun sem þeir hafa aflað sér og sú lífssýn sem þeir hafa ræktað með sér í MA standi með þeim og geri þeim kleift að takast á við það óvænta. Það þarf trú og sannfæringu fyrir því langtíma verkefni sem menntun er. Við í MA höfum trú á starfi okkar og látum sparnað ekki bitna á menntun nemenda því höldum við áfram að vinna að endurskoðun á starfi skólans því við trúum á gildi þess að hafa áhrif framtíðina með uppbyggilegu starfi.

Námskrá

Í námskrá MA frá 2010 er skerpt á hlutverkum skólans, einkunnarorðum og skólasýn. Við ætlum að rækta með nemendum gagnrýna hugsun og farsæl vinnubrögð, að nemendur tengi söguna og sig við samtímann til þess að hafa áhrif á framtíðina. Þannig menntum við nemendur. Grunnþættir skólastarfsins koma fram í einkunnarorðum skólans: virðing, að sýna starfi og umhverfi virðingu, víðsýni, að vinna gegn fordómum og efla gagnrýna hugsun og árangur, að leggja sig allan fram og gera eins vel og mögulegt er. Skólasýn MA byggir á einkunnarorðunum og miðar að því að þroska nemendur og efla siðvit þeirra. Lögð er áhersla á sköpun í öllu námi og læsi í víðum skilningi. Í skólasýn MA er dregið fram það einkenni skólans að leggja jafna áherslu á fræðslu og menntun.



Skólasýnin er yfirlýsing um að hverju við stefnum, hún er krefjandi og stundum mjög erfið áskorun sem við sem í skólanum störfum tökumst á við á hverjum degi. Kennst hefur verið samkvæmt nýrri námskrá MA síðast liðin þrjú ár. Næsta vetur ætlum við að endurskoða námskrána. Rannsóknir sýna að það sem skiptir mestu um framgang nemenda í skóla er jákvæð endurgjöf kennarans, viðmót og trú kennarans á getu og hæfni nemandans. Til þess að ná fram þeim breytingum sem lagt var af stað með í nýrri námskrá erum við að nálgast nemendur í enn ríkara mæli út frá styrkleikum þeirra, hvetja þá til að vera skapandi í námi sínu hvert sem viðfangsefnið er. Með aukinni tækni og netnotkun nemenda eykst mikilvægi kennarans, ekki aðeins til að miðla þekkingu heldur til að kenna nemendum að meta þekkingu og þjálfu færni og hæfni þeirra. Þetta krefst þess að kennarar séu í enn ríkara mæli óhræddir við að fara ókunnar leiðir, prófa nýjungar og vera skapandi í lausnum. Nokkrir kennarar eru nú þegar að prófa sig áfram, með því að nota miðla sem nemendum eru tamir, nemendur hlusta á fyrirlestra og

skýringar í tölvunum sínum eða sínum og koma í kennslustundir til að spyrja eða æfa sig í þrautum og dæmum undir leiðsögn kennara, þetta kalla sumir flippaða-, speglaða- eða vendikennslu. Í gamla daga hét þetta að koma lesinn í tíma. Kennarar eru að gera ýmsar tilraunir með námsmat með aukinni ábyrgð og þátttöku nemenda. Þessi þróun er í framhaldi af verklagi í samþættum tungumálaáfanga, FER, sem farið var af stað með 2004 og samþættum áföngum á fyrsta ári. Hér er við hæfi að minna á kaflann um laun kennara, þið sjáið að kennarar skólans eru hugsjónafólk.

Nær helmingur náms fyrsta árs nema er helgað stórum samþættum áföngum. Þeim er ætlað að auka skilning nemenda á landi sínu, þjóð og tungu. Við höfum kallað þessa áfanga Ísland en ætlum að kalla þá menningarlesi og nætúrulæsi; annarsvegar er fléttað saman nám í íslensku, félagsfræði og sögu í eina námsgrein, hinsvegar í íslensku, líffræði, jarðfræði og landafræði í aðra námsgrein. Upplýsingatækni er svo samofin allri verkefnavinnu. Sérstaklega er hugað að læsi og beitingu móðurmálsins, bæði í ræðu og riti. Virk þátttaka og ábyrgð nemenda á eigin námi liggur til grundvallar og því er mikið lagt upp úr að glæða áhuga þeirra á umhverfi sínu og náminu almennt. Þetta gerum við með verklegum vettvangsferðum og námsferðum.

Í stuttu máli má lýsa þessum tveim Íslandsáföngum svo að þeir séu til að gera nemendur læsa á umhverfi sitt - hið náttúrulega, ósnerta og hið manngerða, samfélagið, híbýli. Samhliða þessu tókum við þátt í verkefni lýðheilsustöðvar um að vera heilsueflandi skóli. Verkefnið fellur inn í metnaðarfullt starf íþróttadeildar skólans og er í takti við skólasýn okkar og er í raun forvarnastefna skólans.

Eins og sést af þessu þá er starfsfólk skólans hugmyndaríkt og framsækið, lætur sig skólastarf varða og er umhugað um framgang MA. Á vorönn fór einn bekkur af raungreinasviði til Grænlands og heimsótti menntaskóla þar. Guðjón Andri Gylfason og Þórhildur Björnsdóttir sáu um skipulag af hálfu MA. Nemendur raungreinasviðs á þriðja ár gerðu metnaðarfull verkefni sem skáru úr um það hvaða bekkjardeild færi. Heimsóknin er í tengslum við Norðurslóðaverkefni HA og styrkt af Arngrími Jóhannssyni og fyrir það viljum við þakka. Fyrirhugað er að finna leiðir til að þróa þá hugmynd áfram og þá í tengslum við Norðurslóðaverkefni HA. Undanfarin ár hafa nemendur í frönsku farið til Parísar um páska með Erni Þór Emilssyni frönskukennara. Nemendur í þýsku geta valið áfanga sem endar með ferð til Berlínar og á haustönn fór Margrét Kristín Jónsdóttir þýskukennari með þeim. Nemendur á fjórða ári eðlisfræðilínu hafa undan farin ár skipulagt heimsóknir á vísindasöfn í London með Brynjólfi Eyjólfssyni eðlisfræðikennari. Kennarar í Íslandsáföngunum hafa verið eftirsóttir til að kynna áfangana og margir skólar komið í heimsókn til að sjá hvað við erum að gera. Eftir gagnkvæmar heimsóknir er Menntaskólinn í Kópavogi búinn að taka upp svipaðan áfanga og Íslandsáfangarnir eru og í vetur hafa kennarar skólanna skipst á heimsóknum. Kennarar MA hafa farið í heimsóknir að Laugum og í Kvinnaskólann í Reykjavík. Nemendur frá Chicago komu í heimsókn og hingað komu einnig nemendur frá Danmörku og Frakklandi. Við erum meðvituð um að við lifum ekki á fornri frægð því frægðin verður til í því sem við erum að gera á hverjum tíma.

Í vetur var nýtt merki skólans kynnt, Dagný Reykjalin grafískur hönnuður, 15 ára stúdent, hannaði merkið ásamt bréfsefni og er að hanna merkingar innanhúss og utan. Í merkinu eru stafirnir MA, uglan með útbreiddan væng og bustirnar í M-inu vísa í bustir gamla skóla. Menntamálaráðherra skipaði nýja skólanefnd fyrir MA í mars, ég þakka fyrri nefnd og Jónu Jónsdóttur formanni farsælt samstarf. Ný skólanefnd með Arnbjörgu Sigurðardóttur sem formann lofar einnig góðu og ég hlakka til samstarfsins.

Breytingar í starfslíði

Starfsmenn skólans í vetur voru 80. Það skiptir miklu máli á vinnustað sem þessum að allir leggi sig fram af heilum hug og metnaði. Mig langar til að þakka meðstjórnendum mínum, Sigurlaugu Önnu Gunnarsdóttur aðstoðarskólameistara og sviðsstjórunum, Önnu Sigríði Davíðsdóttur og Valdísi Björk Þorsteinsdóttur. Sigurlaug Anna fer í námsleyfi næsta vetur og ég óska henni velfarnaðar í því, hennar staða er vandfyllt en Alma Oddgeirsdóttir hefur verið ráðin til að leysa Sigurlaugu Önnu af þetta ár. Valgerður S. Bjarnadóttir sem hefur verið í námsorlofi og lauk meistaraprófi í námskrárfræðum í vor tekur aftur við verkstjórn við námskrá og stýrir endurskoðun hennar. Í samræmi við skólasýn var stofnað til embættis jafnréttisstýru, núverandi stýra er Heimir Björnsson og með honum starfar jafnréttisnefnd skipuð fulltrúum nemenda og starfsfólks. Gunnar Kárason fjármálastjóri varð sjötugur nú í vor og þá má hann ekki vinna lengur. Gunnar hefur verið fjármálastjóri í 13 ár og verið skólanum mjög mikilvægur og ég hef alltaf getað reitt mig á hann og það hefur reynt meira á hann en mig í samstarfinu. Gunnar er bæði vinur og félagi við lékum lengi saman í FIMMA, lékum körfubolta kl fimm, Gunnar var kosinn íþróttamaður ársins ár eftir ár og vann að lokum titilinn til eignar. Þakka þér samstarfið Gunnar Kárason. Nýr fjármálastjóri hefur verið ráðinn, Marsilía Dröfn Sigurðardóttir með meistarapróf í bókhaldi og endurskoðun. Ég vil þakka kennurum og öðru starfsfólki fyrir metnaðarfullt og gott starf. Það þarf gott starfsfólk til að skila góðu verki.



Í vor verða einnig kvaddir tveir kennarar með 80 ára starfsreynslu, báðir hafa þeir kennt í 40 ár við MA. Valdimar Gunnarsson íslenskukennari, eða lífskennari, hefur verið leiðtogi innan skólans, hann hefur gegnt öllum stjórnunarstöðum skólans. Hann hefur verið fremstur í framfaraverkefnum og má þar nefna endurskoðun námskrár 1980, tilraunanám í upplýsingatækni tíu árum síðar og endurskoðun námskrár sem byrjað var að kenna eftir 2010 og þar ber hæst Íslandsáfangana. Mörgum okkar finnst hann vera ein af stöðum skólans. Sjálfur segir hann það ekki rétt, hann standi bara rétt hjá henni og styðji sig við hana þegar mikið liggur við. Valdimar tók mig að sér þegar ég kom að skólanum ungur og óreyndur en hann leiðbeindi mér sem jafningi og fyrir það vil ég þakka. Það er ekki hægt að nefna Valdimar án þess að nefna Svövu Jóhannsdóttur, Valdimar er maðurinn hennar Svövu.

Þórir Haraldsson er sömu gerðar, hann hefur einnig kennt í 40 ár. Hann hefur byggt upp metnaðarfulla líffræðideild, stundað rannsóknir

á gróðri og ísbjörnum, er reyndar einn fremsti ísbjarnafræðingur landsins. Fjölmargir nemendur Þóris hafa lagt stund á líffræði í háskóla eftir að hafa verið í tímum hjá honum. Honum er margt til lista lagt og er ótrúlega líflegur kennari, leikur hvort sem er flug fugla, vöxt blóma eða sameiningu fruma. Þórir er þannig að maður er forvitinn um hvað hann segir og svo hefur hann verið mér heilráður. Það er heldur ekki hægt að nefna Þóri án þess að nefna Unu Sigurliðadóttur,

og Þórir er maðurinn hennar Unu, Þórir hefur einstakt lag á að segja spaug sögur af sjálfum sér sem hann eignar Unu.

Ykkur félagi er ég ekki að kveðja, þetta er áningarstaður við höldum ferðinni áfram saman.

Fjöldi nemenda og árangur í námi

Í vetur voru nemendur skólans 744. Nemendur á fyrsta ári voru 221 á öðru ári 187 á þriðja ári 187 og stúdentar eru 149.

Menntaskólinn á Akureyri státar af metnaðarfullum nemendum sem margir ná framúrskarandi árangri. Hæstu einkunn í fyrsta bekk hlaut Arna Ýr Karelsdóttir 1.I 9,89 Hæstu einkunn í öðrum bekk hlaut Ásdís Björk Gunnarsdóttir 2.X 9,79 Hæstu einkunn í þriðja bekk hlaut Margrét Sýlvía Sigfúsdóttir 3.U 9,07 Hæstu einkunn í fjórða bekk hlaut Andri Már Þórhallsson 4.U 9,79 Meðaleinkunn á stúdentsprófi er 7,38.



Dux scholae, Hlöðver Stefán Þorgeirsson, með einkunnina 9,28

Félagslíf

Áhersla skólans á félagslíf nemenda er studd skólasýninni. Það er kosið til embætta í skólafélaginu og eru þau eftirsótt enda er nemendum treyst fyrir félagslífinu nú sem fyrr og bera þar mikla ábyrgð og rísa undir henni. Nemendum til ráðleggingar er félagsmálastjóri Unnar Vilhjálmsson og forvarnarfulltrúi Hólmfríður Jóhannsdóttir. Þau flétta starf sitt inn í félagslíf nemenda án þess að taka af þeim frumkvæði og það er ekki einfalt verk.

Þegar afmælisárgangar hittast þá verður oft tíðrætt um mikilvægi félagslífsins. Nemendur velja Menntaskólann sumpart vegna þess enda er það öflugt og mótar skólabraginn heilmikið. Í vetur fór fram umræða um hvaða brag nemendur vilja hafa á félagslífinu, meðal annars for fram gagnrýnin umræða um það hvort einkunnarorð skólans gildi einvörðungu innan veggja skólans og þá hvar mörkin eiga að vera. Í þeirri umræðu tóku þátt FORMA, hagsmunaráð, jafnréttisráð skólans og stjórnendur skólans. Þeirri umræðu er hins vegar ekki lokið.



Skólafélagið Huginn er sem fyrr kjölfestan í félagsstarfinu. Það er engin leið er að telja upp allt sem fram hefur farið í vetur, en ég vil nefna nokur dæmi: Skólafélagið stóð að vanda fyrir glæsilegri áfengis og vímulusri árshátíð. Það á að hrósa fyrir það sem vel er gert, líka ungu fólki.

Leikfélag MA setti upp söngleikinn Táp og fjör af mikilli gleði. Myndarlegt skólablað kom út skömmu fyrir jól og annað á vordögum og eru til sýnis á bókasafni skólans.

Skólafélagið stóð fyrir magnaðri söngkeppni og haldnar voru allmargar kvöldvökur. Gettu betur- og Morfis- lið skólans stóðu sig vel. PRIMA dansklúbbur MA var með fjölmennt atriði á árshátíðinni.

Allt þetta og miklu fleira setur svip á skólastarfið og er efni til minninga á endurfundum nemenda, og endurfundir MA-inga eru engu líkir. Það sýna og sanna þau hundruð jubilanta sem hafa komið saman hér undanfarna daga og fagnað tímamótum sem MA-stúdentar. Nemendur skólans taka þátt í margvíslegri keppni sem tengjast fræðum og vísindum.

Fulltrúar MA komust áfram í stærðfræðikeppni framhaldsskólanna. Nemendur komust í úrslit í landskeppni í eðlisfræði. Lið MA var í úrslitum í Boxinu, framkvæmdakeppni framhaldsskólanna. Erla Mist Magnúsdóttir 1. I fékk viðurkenningu í samkeppni á vegum félags frönskukennara og franska sendiráðsins. Þetta er ekki tæmandi upptalning en hins vegar góð dæmi um frábæra frammistöðu nemenda og þeim ber að þakka að þeir bera hróður skólans víða. Ótaldir eru hér fjölmargir afburðanemendur í tónlist og íþróttum í hópi nemenda. Tónlist, tveir verðandi stúdentar, Dagur Þorgrímsson og Katrín Þöll Ingólfssdóttir syngja við undirleik Bjarna Karlssonar syngja eitt lag sem þau kynna sjálf. Sú hefð að eldri nemendur leggja rækt við skólann er ómetanleg. Hefð er að fulltrúar 10, 25, 40, 50, 60 jubilanta ávarpi nýstúdenta og þegar svo ber við fulltrúi 70 ára stúdenta. Margrét Indriðadóttir fulltrúi 70 ára stúdenta biður fyrir góðar kveðjur og sendi mér ávarp sem hún bað mig um að flytja, ég er sumsé fulltrúi fulltrúa 70 ára stúdenta.

Fulltrúi 60 ára stúdenta er Hreinn Bernharðsson.
Fulltrúi 50 ára stúdenta er Tómas Ingi Olrich.
Fulltrúi 40 ára stúdenta er Þorsteinn Gunnarsson.
Fulltrúi 25 ára stúdenta er Kristín Sólveig Bjarnadóttir.
Fulltrúi 10 ára stúdenta er Ágústína Gunnarsdóttir.

Við erum svo lánsöm að MA-stúdentum þykir vænt um skólann sinn og ætlast til að hann sé í fremstu röð. Ég þakka ykkur öllum fyrir ávörpin, það er gott að starfa við stofnun sem fylgja svo margar hlýjar hugsanir.

Brautskráning

Ávarp nýstúdents

Alda Karen Ólafsdóttir Hjaltalín var í vetur formaður Skólafélagsins Hugins og leiddi félagslífið farsællega. Nú flytur hún ávarp nýstúdents. Ég þakka Öldu Karen fyrir hennar ávarp og gott samstarf í vetur. Að athöfn lokinni göngum við Sigurlaug Anna með nýstúdentum, beint suður í Stefánslund í myndatöku hjá Páli ljósmyndara og ég bið vini, vandamenn og velunnara að fylgja með og taka myndir þegar Páll er búinn að mynda fyrir skólann. Skólahúsin eru opin og kaffiveitingar frá 12:00 – 15:00 og hvet ég alla til að skoða skólann og þiggja veitingar.

Ávarp skólameistara að lokinni brautskráningu

Ágætu nýstúdentar, ég þakka ykkur ánægjulegt samstarf undangengin ár. Þetta eru tímamót hjá mér eins og ykkur, þó ekki á sama veg, því þetta er í tíunda skiptið sem ég brautskrái og mér finnst ég nýbyrjaður. Tómas Ingi Olrich 50 ára stúdent og fyrrum menntamálaráðherra, skipaði mig skólameistara, þá sagi hann við mig og vitnaði í sinn skólameistara, Þórarinn Björnsson; "Taktu starf þitt alvarlega en sjálfan þig hæfilega". Þetta hefur reynst mér heillaráð sem ég hvet ykkur til að tileinka ykkur.

Við ykkur vil ég segja: Það hefur verið gott að starfa með ykkur, þið hafið verið jákvæð, gagnrýnin og glaðvær og þið hafið leitt skólalífið og farnast það vel. Þetta er tími tregablandinnar gleði, kveðjustunda, ekki bara ykkar sem eruð að fara heldur einnig okkar sem eftir verðum því þið hafið verið mikilvægur hluti af starfi okkar í fjögur ár og deilt með okkur sorg og gleði. Maður saknar þess sem skiptir máli. Skólagangan hefur reynt á ykkur með öðrum hætti en marga aðra, það er langt síðan námskránni hefur verið breytt eins mikið og hjá þeim árgöngum sem á eftir ykkur koma. Þið hafið ekki látið það slá ykkur út af laginu. Trúið mér, það býr margt í ykkur og þið hafið tengst traustum MA-böndum. Þið hafið verið að þroskast og móta mannorð ykkar í samskiptum við aðra nemendur og starfsfólk og það mun fylgja ykkur eins og skólinn. Við kennarar og starfsfólk höfum lagt áherslu á að þið hljótið góða menntun og leggið rækt við sjálfstæða gagnrýna hugsun. Í erli dagsins er mikilvægt að eiga sér gríðarstað í þögn, á kvöldin áður en þið farið að sofa, rifja þá upp þrennt jákvætt sem þið gerðuð yfir daginn. Sannið til þetta breytir lífinu, þið sofið betur og þykir vænna lífið og þá sem næstir ykkur eru.

Þið eruð ung og áræðin og eigið að vera það. Þið skuluð rækta vinaböndin því í viðsjám, sorg og gleði er fátt betra en traustir vinir. Trúið á drauma ykkar og fylgið þeim, trúið á hæfileika ykkar. Menntaskólinn sendir ykkur frá sér tilbúin út í lífið, til að takast á við það og háskólanám af hvaða tagi sem er. En munið að þið berið eigin hamingju. Þið getið ekki keypt ykkur hamingju. Hamingjan vex í höndum ykkar sjálfra. Hún kemur til ykkar þegar þið eruð að strita að því litla fyrir það mikla.

Kæru nýstúdentar fyrir hönd alls starfsfólks Menntaskólans á Akureyri óska ég ykkur foreldrum ykkar og aðstandendum til hamingju með þennan mikilsverða áfanga. Ágætu gestir til hamingju með daginn. Ég vil biðja ykkur að rísa úr sætum og syngja Skólasöng MA.

Ég segi Menntaskólanum á Akureyri slitið í eitthundrað þrítugasta og þriðja sinn.

